

Alþingi
Erindi nr. P 139/989
komudagur 16.12.2010

79. mál

16.12.2010

Flugmálastjórn Íslands (FMS) hefur undir höndum þingskjal 533, framhaldsnefndarálit um frv. tii I. um breyt. á I. um brunavarnir, nr. 75/2000, með síðari breytingum, ásamt fylgiskjöllum. FMS þykir miður að þurfa að standa í bréfaskriftum sem þessum en vegna fullyrðinga sem fram koma í þingskjalinu og viðhengi vill FMS koma eftirfarandi á framfæri:

1. FMS gerir alvarlegar athugasemdir við minnisblað Brunamálastjóra sem fram kemur í Fylgiskjali II: "Athugasemdir Brunamálastofnunar við kostnaðarmat Isavia vegna slökkvistarfs á flugvöllum". (9. desember 2010.). FMS leggur ekki mat á kostnaðaráætlun Isavia enda ekki hlutverk stofnunarinnar að gera slíkt heldur að tryggja að flugöryggis sé gætt, kröfur uppfylltar og að meta hvort rekstraraðilar hafi bolmagn til að uppfylla þær. Athugasemdir FMS lúta að fullyrðingum sem koma fram í minnisblaðinu um kröfur til rekstraraðila, væntanlegrar reglugerðar Flugöryggisstofnunar Evrópu sem ekki liggur fyrir í drögum, fullyrðingar um yfirlýsingar FMS sem ekki er rétt haft eftir og kröfur til mönnunar sem ekki fást staðist.

2. FMS telur að ofangreindar rangfærslur og fullyrðingar sem komið hafa fram í gögnum hafi leitt til ákvæðins misskilning sem endurspeglast í álitinu. Þar er fullyrt að ákvæði Chicago samningsins fela í sér lágmarkskröfur og að eftirlit FMS sé með viðauka 14 við Chicago samninginn frá 1944. Viðauki 14 er innleiddur í íslenskt regluverk með flugvallarreglugerð 464/2007. Viðaukinn kom fyrst fram 1951 og hefur verið í stöðugri þróun og að því hafa komið tugir ef ekki hundruð sérfræðinga um heim alla. Þó að ríki séu einungis skuldbundin til að innleiða lágmarkskröfur þá inniheldur viðauki 14 mjög ítarlegar kröfur séu tilmælin tekin með. Það er svo ákvörðun ríkjanna að innleiða tilmælin sem kröfur í reglugerð um flugvelli. Ef gera á ítarlegri kröfur til viðbúnaðarþjónustu flugvalla er eðlilegt að það sé gert í reglugerð um flugvelli enda er hún grundvöllur starfsleyfis.

3. Ýmsar aðrar fullyrðingar þarfnast nánari skoðunar og óskar FMS eftir að fá að hitta nefndina til að útskýra þessi sjónarmið nánar, því það virðist sem svo að ekki hafi öll efnisatriði komið fram sem máli skipta.

Ofangreind atriði eru tíunduð nánar í meðfylgjandi viðhengi.

FMS telur því nauðsynlegt að málið sé unnið frekar og býðst FMS að koma að þeirri vinnu. Eðlilegt væri að setning þessara krafna í lögum um brunavarnir verði frestað eins og málið er stítt í dag. Óeðlilegt sé skipan mála vegna krafna til viðbúnaðarþjónustu sé á skjön við það sem gerist í nágrannalöndum okkar.

Eins og áður hefur komið fram í minnisblaði FMS til nefndarinnar þá leggur FMS til að í breytingartillöggunni verði liður 2) við 3. gr. og liður 6) við 24. gr. frestað og að veita skuli viðkomandi ráðuneytum ráðrúm til að skýra valdmörk sín á milli. Að lokum þá telur FMS að þær deilur milli aðila sem eiga að vinna náið saman á vettvangi og sú óvissa sem mun skapast taki þessi ákvæði gildi muni leiða til óviðunandi ástands sem FMS óttast að geti komið niður á flugöryggi.

Virðingarfyllst,

Með kveðju - Best regards

Reynir Sigurðsson

framkvæmdastjóri flugleiðsögu- og flugvallasviðs
Director, ANS & Aerodromes - National Supervisory Authority



FLUGMÁLASTJÓRN ÍSLANDS
Icelandic Civil Aviation Administration

Skógarhlíð 12
105 Reykjavík
Iceland

Email: reynir@caa.is
Phone: (+354) 569 4345
Mobile: (+354) 896 6709
Fax: (+354) 562 3619

www.caa.is

Athugasemdir Flugmálastjórnar Íslands við:

Framhaldsnefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. um brunavarnir, nr. 75/2000, með síðari breytingum

Flugmálastjórn Íslands (FMS) hefur áhyggjur af þróun mála varðandi breytingar á lögum um brunavarnir nr. 75/2000 og telur að ekki liggi fyrir öll efnisatriði eða þau ekki skýrð nægilega vel og óskar eftir að fá tækifæri til að skýra nefndinni betur frá þeim atriðum sem snýr að viðbúnaðarþjónustu á flugvöllum. Eins og áður hefur komið fram byggist viðbúnaðarþjónusta flugvallar á starfsleyfi sem FMS veitir rekstraraðilum á grundvelli rg. 464/2007 um flugvelli (sem innleiðir viðauka 14). Það getur vart talist eðlileg stjórnsýsla að slökkvistjóri í hverju sveitarfélagi geti skv. eigin mati tekið fram fyrir hendurnar á FMS sem hefur eftirlit með öllum flugvöllum í landinu á grundvelli alþjóðlegra skuldbindinga án þess að slíkt inngrip byggi á fyrirfram skilgreindum viðmiðum.

Drög að breytingu á rg. 464/2007 og fjallar um viðbúnaðarþjónustu flugvallar sem FMS sendi Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu 1. Júlí 2010 gengur lengra en ákvæði viðauka 14 við Chicago sáttmálann. Drögin hafa verið send út til umsagnar, en við gerð dragana studdist FMS við framkvæmd á Norðurlöndunum, Írlandi, Bretlandi og Kanada, auk þess var litið til síðustu uppfærslu á viðauka 14 sem kom út í júlí 2009. Reglugerðardrögin taka á því að tækjabúnaður, hlífðarföt og fleiri atriði skuli vera í samræmi við kröfur brunamálayfirvalda og þar með undir eftirliti Brunamálastofnunar eins og eðlilegt er. Reglugerðarbreytingin ætti að taka á þeim atriðum sem aðilar hafa áhyggjur af, ef ekki, þá er eðlilegra að aðilar skili inn athugasmedum við reglugerðardrögin frekar en að setja nýu ákvæði í lög um Brunavarnir.

Söguleg skýring á því að ekki var gerð athugasemd við greinargerð með frumvarpi til laga nr. 75/2000 sem tiltók að lögin tækju til starfsemi allra slökkviliða í landinu, þ.m.t. slökkviliði flugvallar, er langlíklegust sú að á þeim tíma var starfandi slökkvilið á Keflavíkurflugvelli. Slökkvilið Keflavíkurflugvallar á vegum hersins bar ábyrgð á öllum slökkvistörfum á Keflavíkurflugvelli jafnt íbúðarhúsum hermanna, flugskýlum, flugstöð ásamt því að sinna fyrsta viðbragði vegna flugslysa. Forræði vegna brunavarna í byggingum er nú á hendi viðkomandi sveitarfélaga. Keflavíkurflugvelli er í dag gert að reka viðbúnaðarþjónusta ef loftfari hlekkist á sbr. rg. 464/2007 um flugvelli.

Reglugerð Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA) eða Evrópska reglugerðin um flugvelli, er í smíðum og eingöngu vinnuramminn tilbúinn. Nánari útfærsla rammans, eins og t.d. varðandi mönnun er enn í vinnslu og hefur ekki verið send aðildarríkjum EES til umsagnar enn sem komið er. Vænta má að það gerist 2013, en að drög liggi fyrir í lok árs 2011. Allar fullyrðingar um að ráðstafanir á Íslandi standist ekki þær kröfur eru því í besta falli ágiskun.

FMS gerir alvarlegar athugasemdir við framkomnar athugasemdir frá Brunamálastofnun Íslands dags. 9. desember 2010 en þar eru ýmis rangfærslur og tilvísun í úrehtar reglugerðir, sbr. „Luftfarsværkets författarsamling: LFS 1991:22, , BCL-F3.4 (Svíþjóð). Ný reglugerð um viðbúnað tók gildi í Svíþjóð 1. júlí s.l. TSFS 2010:114 þar sem m.a. er búið að taka út kröfu um reykköfun og eru breytingarnar byggðar á ítarlegri skýrslu sem sænsk flugmálayfirvöld létu gera. FMS er með afrit af skýrslunni hafi aðilar áhuga á að kynna sér efnislegt innihald hennar. Má þar einnig nefna að Brunamálastjóri vísar til þess að FMS hafi oft lýst því yfir að viðbúnaður á íslenskum flugvöllum eigi að vera í samræmi við

þær kröfur sem gerðar eru á norðurlöndum. Þetta er ekki rétt, FMS hefur sagt að gjarnan sé litið til norrænnar fyrirmyndar þegar gera á breytingar. Jafnframt er fullyrt að rástafanir á Akureyrarflugvelli varðandi mönnun og Egilsstaðaflugvöllur muni alls ekki uppfylla kröfur í væntanlegri reglugerð Flugöryggistofnunar Evrópu. Jafnframt að drög FMS miðai að einhverju leiti við væntanlega Evrópska reglugerð. Hvernig er hægt að fullyrða slíkt þegar viðkomandi reglugerð liggur ekki fyrir í drögum. Vísað er í nýjar kröfur FMS, þetta er rangt, um er að ræða tillögur FMS til SAM um drög að breytingu á rg. 464/2007. Fleiri rangfærslukoma fram m.a. um mönnun en eru ekki tíundaðar hér.

FMS fær ekki skilið hvaða efnisleg rök kalli á að framkvæmd viðbúnaðarþjónustu flugvalla skuli vera með allt öðrum hætti á Íslandi en tíðkast annars staðar í heiminum og breytingar á reglugerð um flugvelli er ætlað að taka á FMS hefur gefið út starfsleyfi og haft eftirlit með flugvöllum í áratugi og hefur í dag verulegar áhyggjur af að flugöryggi sé skert vegna ágreinings aðila sem verða að vinna saman verði flugslys.

FMS óskar eftir að ákvæði sem snúa að flugvöllum verði tekin út úr frumvarpinu og ráðuneyti umhverfismála og samgöngumála vinni nánar úr þeim strax eftir áramótin.